



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (748. og 599. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp, sem felá í sér umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi fjölmiðla.

Viðskiptaráð hefur í áráraðir ítrekað mikilvægi þess að starfsemi RÚV verði settar þröngar skorður til að dregið sé úr samkeppniskandi áhrifum félagsins á fjölmiðlamarkaði. Ítarlega var farið yfir þau áhrif í áliti Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2008 (nr. 4/2008), en þar var m.a. bent á að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði væri veigamikil ástæða þess að ekki væru fleiri öflugar sjónarvarpsstöðvar hér á landi og eignarhald þeirra ekki dreifðara en raun ber vitni.

Samkvæmt greinargerðum frumvarpanna virðist sem tilgangur þeirra sé m.a. sá að koma til móts við ofangreint, t.a.m. með því að takmarka svigrúm RÚV á auglýsingamarkaði með styttri auglýsingatíma. Eins og bent hefur verið á er sú takmörkun að mestu til málamynda þar sem meðalnýting auglýsingatíma hjá RÚV er langt undir mörkum frumvarpsins.¹ Áhrif frumvarpsins í þá átt að efla samkeppni eru því óveruleg. Þvert á móti er svigrúm RÚV til auglýsingasölu aukið til muna með frumvarpinu, en verði það samþykkt fellur brott það bann sem félagið býr nú við hvað varðar auglýsingar á vefsíðu sinni.

Þá er hlutverk RÚV víkkað umtalsvert með frumvarpinu og má þar einna helst vísa til 3. tl. 1. mgr. 3. gr 748. þingmáls þar sem skilgreint „fjölmiðlaefni“ er túlkað afar rúmt. Á það hefur verið bent að þessi skilgreining standist var kröfur EES-samningsins um skýrt og afmarkað hlutverk fjölmiðils í almannabágu og vísast þar einna helst til ríkisstýrkjareglna samningsins.² Í ofanálag verður RÚV gert heimilt að setja eigin reglur varðandi tiltekin viðskiptaboð, þ.e. í tilvikum „íburðamikilla dagskrárliða eða eigin framleiðslu“, sem eru lítt skilgreindir í greinargerð frumvarpsins.

Ásamt því að styrkja í raun stöðu RÚV á auglýsingamarkaði er Samkeppniseftirlitinu veittar heimildir umfram samkeppnislög til íhlutunar í rekstri fjölmiðlafyrirtækja (599. mál). Er aukið við nýlega heimild til uppskiptingar fyrirtækja sem og samrunaefniritil Samkeppniseftirlitsins þar sem eftirlitinu er gert fært að beita umræddum ákvæðum til að vernda „fjölraði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlum.“ Ítarlega er rætt í greinargerð frumvarpsins um ástæður að baki þessum heimildum Samkeppniseftirlitsins þó verulega skorti á að auðkenna þau ríki þar sem sambærilegum heimildum er til að dreifa. Undirritaður telur afar hæpið að innleiða hér löggjöf umfram það sem gengur og gerist í samanburðarríkjum á meðan sýnt er að takmarkaður vilji er til að fara að ábendingum Samkeppniseftirlitsins, sem byggja á nógildandi lagaramma. Litið til sögunnar verður ekki undan því komist að álykta annað en að þessum heimildum verði öðru fremur beint að einkareknum fjölmiðlafyrirtækjum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er RÚV eini ríkismiðillinn á Norðurlöndunum sem bæði hefur tekjur af skatti og sölu auglýsinga, sem hafa aukist verulega á undanförunum misserum³. Þátttaka félagsins á

¹ Sjá m.a. [hér](#).

² Sjá m.a. [hér](#).

³ Sbr. ársreikning 2011 og árshlutareikning og síðasta birta árshlutareikning Ríkisútvarpsins ohf, sjá [hér](#).

auglýsingamarkaði hefur haft í för með sér umtalsverð samkeppnishamlandi áhrif og frumvörp þessi gera lítið til að létta álögur á skattgreiðendur eða bæta samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Er það í takti við fyrri breytingar á lögum um Ríkisútvarpið. Þó má finna einn ljósan punkt í þessum frumvörpum og er það setning í greinargerð annars þeirra (599. mál), sem hljóðar svo: „Áréttað skal að eðli málsins samkvæmt gilda samkeppnislög að fullu um starfsemi fjölmiðla á sama hátt og annarrar atvinnustarfsemi í landinu. Hér er aðeins um sértækar viðbótarheimildir að ræða.“ Nú þurfa bara raunverulegar aðgerðir að fylgja orðum og fyrsta skrefið væri að taka alfarið fyrir þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði.

Viðskiptaráð leggur til að frumvörpin nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands